

Orð til taks¹ Af eiginleikum og flokkum fastra orðasambanda

1. Inngangur

Meginmarkmið þessarar greinar er að gera skil því sviði málvísinda sem hefur föst orðasambönd að viðfangsefni. Umfjöllun um föst orðasambönd, flokkun þeirra og eiginleika, er gróskumikil meðal erlendra fræðimanna. Hér á landi hafa komið út viðamikil verk og uppflettirit sem fjalla um ýmsar tegundir fastra orðasambanda, svo sem málshætti, orðtök og orðastæður, skýra uppruna þeirra og málsögulega þróun og/eða gefa notkunarleiðbeiningar og dæmi. Rit þeirra Jóns G. Friðjónssonar, *Mergur málsins* og *Rætur málsins*, og Jóns Hilmarssonar, *Orðastaður*, *Orðaheimur*, *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun* og *Orðasambandaskerá* á vefsvæði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, eru þrekvirkir sem gera föstum orðasamböndum rækileg skil, að ógleymdum merkum verkum þeirra Sölva Sveinssonar og Halldórs Halldórssonar. Í þessum ritum, sem hafa ótvírætt hagnýtt gildi fyrir málnotendur, má finna fjölda dæma um orðasambönd og ítarlegar skýringar við ákveðnar tegundir þeirra. Af þeim sökum eru þau ómissandi fyrir alla sem fást við rannsóknir á íslenskum orðasamböndum.

¹ Endurbirt með leyfi *Milli mála*.

Umræða um hugtök, flokkun, eiginleika og málvísindalegar gerðir fastra orðasambanda hefur hins vegar ekki farið mjög hátt á meðal íslenskra fræðimanna. Þar á þó í hlut mjög víðfeðmt svið sem unnt er að nálgast frá ýmsum sjónarhornum málvísinda og annarra fræðigreina svo sem þjóðfræði eða orðabókafræði en íslensk heiti yfir erlend hugtök á þessu sviði hafa hingað til að miklu leyti komið fram innan orðabókafræðinnar. Við nám í erlendum tungumálum er tileinkun fastra orðasambanda auk þess mikilvæg til þess að ná fullkomnum tókum á viðkomandi tungumáli.

Hér á eftir verður fjallað um skilgreiningar á lykilhugtökum þeirrar fræðigreinar sem hefur föst orðasambönd, eiginleika þeirra, fjölbreyttar gerðir og flokkun að viðfangsefni. Þessi fræðigrein kallast *Phraseologie* á þýsku, *phraseology* á ensku, *fraseologi* á dönsku og *phraséologie* á frönsku. „Orðasambandafræði“ gæti e.t.v. verið íslenskt heiti þessarar fræðigreinar en hér á eftir mun ég nota heitið **fraseólógía**. Tilgangurinn með umfjölluninni er að kynna þessi orðasambönd og vekja með því á þeim frekari athygli og hvetja þannig til umræðu um gerð þeirra og eiginleika með íslenskum heitum.

Eftirfarandi dæmum um föst orðasambönd í þýsku og íslensku, sem koma fyrir í handahófskenndri röð án nokkurrar samsvörunar á milli tungumálanna, er ætlað að gefa vísbendingu um mismunandi gerðir þeirra og vekja forvitni lesenda:

bei jemandem einen Stein im Brett haben
guten Rutsch
gang und gäbe sein
Da lachen ja die Hühner!
blinder Passagier
Schnee von gestern sein
das ist nicht mein Bier
sich fühlen wie ein Fisch im Wasser
sich die Zähne putzen
Der Apfel fällt nicht weit vom Stamm
kein[en] Hehl aus etwas machen
guten Appetit
Der Ball ist rund und das Spiel hat
90 Minuten

eftir dúk og disk
vera runninn undan rifjum einhvers
Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni
vera eins og álfur út úr ból
vera hjarnargreiði
sýkent og heilag
vera eitur í beinum einhvers
gera gys að einhverjum/einverju
vera út í hött
vera kominn á fremsta blunn með eitthvað
takke fyrir síðast
Nú falla öll vöin til Dýrafjarðar
lyfta grettistaki

Á undanförunum áratugum hefur rannsóknunum á föstum orðasamböndum fleygt mjög fram. Þýskumælandi fræðimenn hafa með

rannsóknnum sínum á viðfangsefninu skipað sér í fremstu röð í þessari fræðigrein. Þar markaði útgáfa ritsins *Handbuch der Phraseologie*² tímamót innan þýskra málvísinda þótt vissulega hafi verið stundaðar öflugar rannsóknir á föstum orðasamböndum fram að þeim tíma. Nægir þar að benda á rannsóknir Wolfgangs Fleischers, Jürgs Häusermanns og Klaus Dieters Pilz sem og víðamiklar rannsóknir Alexanders Ívanovítsj Molotkovs en í Sovétríkjunum voru fræðimenn á sviði fraseólógíu í fararbroddi á sjöunda áratug síðustu aldar.³ Svissneski fræðimaðurinn Harald Burger hefur með rannsóknnum sínum á föstum orðasamböndum sett mikinn svip á umræðuna á síðustu árum og lagt grunninn að þeirri hugtakanotkun sem náð hefur mestri útbreiðslu innan fræðigreinarinnar. Hér verður því fjallað um nálgun Burgers við hugtök og flokkun fastra orðasambanda jafnframt því sem einkenni þeirra verða skilgreind og skýrð með dæmum. Þótt kynning á hugmyndum Burgers hljóti að vera í fyrirrúmi þegar fjallað er um hugtök og heiti í fraseólógíu er með því á engan hátt verið að draga úr vægi annarra rannsókna á sviðinu.

2. Fraseólógía og eiginleikar fastra orðasambanda

Dæmin um föstu orðasamböndin í inngangskaflanum sýna að mikill munur er á gerðum þeirra. Þau samanstanda t.d. af mismörgum orðum og merking þeirra getur ýmist verið summa af merkingu einstakra eininga orðasambandsins eða yfirlærð. Dæmi um fast orðasamband þar sem merkingin er yfirlærð er *bei jemandem einen Stein im Brett haben* ('vera í uppáhaldi hjá einhverjum'). Þá eru einnig dæmi um að tiltekin eining komi einungis fyrir í einu ákveðnu orðasambandi. *Gang und Gäbe sein* ('vera mjög algengur') er dæmi um það en orðin *gang* og *gäbe* koma aðeins fyrir í þessu fasta orðasambandi. Í upptalningunni eru auk þess dæmi um föst orðasambönd sem mynda setningar en önnur skiljast ekki nema í ákveðnu samhengi.

2 Harald Burger, Annelies Buhofer og Ambros Sialm, *Handbuch der Phraseologie*, Vestur-Berlín og New York: de Gruyter, 1982.

3 Valin rit eftir alla þessa fræðimenn er að finna í ritaskrá.

Þýska hugtakið *Phraseologismus* (einnig *feste Wortverbindung* eða *phraseologische Wortverbindung*) kýs ég að kalla **fast orðasamband** á íslensku og er það notað sem heildarheiti yfir þá þætti (þ. *Komponenten*) orðaforðans sem settir eru saman úr fleiri en einu orði. **Frjálst orðasamband** (þ. *freie Wortverbindung*) er notað sem nokkurs konar andstæða við fast orðasamband. Þar koma orðin fyrir í samhengi sem ræðst af aðstæðum en eru ekki fasttengd öðrum orðum. Dæmi um fast orðasamband er *sie geht vor die Hunde* ('hún fer í hundana') en um frjálst orðasamband *sie geht ins Kino* ('hún fer í bíó').

Eins og fram hefur komið nefnist sú grein málvísindanna sem hefur föst orðasambönd að viðfangsefni á þýsku *Phraseologie*. Þar er gerður greinarmunur á umfjöllun um **orðasambönd í víðari merkingu** (þ. *Phraseologie im weiteren Sinne*) sem samsvarar því sem hér er kallað fraseólógía og umfjöllun um **orðasambönd í þrengri merkingu** sem nefna mætti **orðtakafræði** (þ. *Phraseologie im engeren Sinne*).⁴ Öll föst orðasambönd samanstanda af fleiri en einu orði, eru fleiryrt, en margir flokkar þeirra eru notaðir í málsamfélaginu líkt og um eitt orð væri að ræða; orðasamböndin eru þá umskiptanleg við stök orð með sambærilegri merkingu og notkun. Þegar orðasambönd í þrengri merkingu eru annars vegar bætist við þetta einkenni ákveðinn þáttur sem varðar merkinguna og verður nánar vikið að því í 2.2.

2.1 Fleiryrdiseðli fastra orðasambanda

Eins og áður segir eru föst orðasambönd fleiryrt, búa yfir **fleiryrdiseðli** (þ. *Polylexikalität*), sem merkir að þau eru samsett af a.m.k. tveimur orðum. Um þennan eiginleika fastra orðasambanda eru fræðimenn sammála þótt þá greini á um hvort í báðum tilfellum þurfi að vera um **inntaksorð** (þ. *Autosemantikon, Vollwort*) að ræða eða hvort annað orðið geti verið inntaksorð og hitt **kerfisorð** (þ. *Synsemantikon, Funktionswort*).⁵

4 Sjá Harald Burger, *Phraseologie. Eine Einführung am Beispiel des Deutschen*, Berlín: Erich Schmidt Verlag, 3. útg., 2007, bls. 14–15.

5 Sama rit, bls. 15–16. Inntaksorð eru orð sem hafa merkingarlegt inntak (svo sem sagnorð, nafnorð og lýsingarorð), kerfisorð hafa ekki eiginlegt merkingarlegt inntak en gegna málfræðilegu hlutverki (þetta eru m.a. samtengingar, forsetningar og nafnháttarmerki).

Burger telur að öll orðasambönd (þ. *Wortverbindungen*) sem samanstanda af tveimur orðum eða fleiri uppfylli skilyrði fyrir föstum orðasamböndum óháð því hvort þar er um inntaks- eða kerfis-orð að ræða.⁶ Hann bendir þó á þá staðreynd að í orðasamböndum sem ekki innihalda inntaksorð eða þar sem eiginleg merking inntaksorða er með öllu horfin komi fram hljóðfræðileg og rétttritunarleg (grafísk) tilhneiging til þess að orð renni saman og verði að einu orði og er þetta fyrirbæri nefnt *Univerbierung* á þýsku sem á íslensku mætti e.t.v. kalla **einyrðingu**. Þýska lýsingarorðið *vorhanden* ('fáanlegur', upphaflega *vor den Händen*) er dæmi um þetta.

2.2 Festa fastra orðasambanda

Festa (þ. *Festigkeit, Stabilität*⁷) er annað einkenni fastra orðasambanda sem ekki er alltaf auðvelt að henda reiður á. Festan birtist í því að málnotendur þekkja orðasambandið og nota það eins og um einstakt orð væri að ræða. Sem dæmi um þetta má nefna að nota má sögnina *skamma* (einhvern) í staðinn fyrir fasta orðasambandið *lesa yfir hausamótunum* á (einhverjum). Föst orðasambönd eru hluti af orðaforða tungumálsins og eru þekkt og geymd í orðasafninu á sama hátt og stök orð. Notendur grípa því til þeirra eins og um eina einingu málsins væri að ræða. Þegar föst orðasambönd koma fyrir – hvort sem er í ræðu eða riti – er merking fasta orðasambandsins sú merking sem málnotendur skynja en ekki eiginleg, bókstafleg merking hinna einstöku orða sem mynda það. Að þessu leyti virka föst orðasambönd eins og eitt orð. Ef síðan á að gera bókstaflega merkingu einstakra orða í þeim aftur virka verður að grípa til sérstakra ráðstafana. Þetta er m.a. afleiðing festu í föstum orðasamböndum en snertir einnig sérstöðu þeirra hvað merkingunni viðvíkur.⁸

Hluti af festunni er sú staðreynd að málnotendur gera sér í langflestum tilfellum grein fyrir hvað við er átt þó að slegið sé saman orðum úr tveimur mismunandi föstum orðasamböndum. Slíkur

6 Sama rit, bls. 15–16.

7 Wolfgang Fleischer notar hugtakið *Stabilität*. Wolfgang Fleischer, *Phraseologie der deutschen Gegenwartssprache*, Leipzig: Bibliographisches Institut, 1982, bls. 41.

8 Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 17.

samsláttur⁹ (þ. *Kontamination*) getur verið af ýmsum toga. Þar geta átt í hlut föst orðasambönd sem hafa svipaða eða sömu merkingu en það getur einnig verið setningagerðin sem er svipuð. *Damit kommst du auf keinen grünen Baum*¹⁰ er dæmi um afbrigðilega notkun fasta orðasambandsins *auf einen grünen Zweig kommen* ('vera á grænni grein', bókstaflega 'komast á græna grein') þar sem eitt orð hefur skolast til og óákveðnum greini verið breytt í neitunarfornafn. Hér er reyndar ekki um algjöran samslátt tveggja fastra orðasambanda að ræða heldur hefur *Zweig* ('grein') verið skipt út fyrir *Baum* ('tré'). Þarna helst merking fasta orðasambandsins og málviðtakandinn veit strax hvað við er átt; af merkingarlegri nánd orðanna *Zweig* og *Baum* leiðir að þótt *Baum* komi fyrir í orðasambandinu skilst það á sama hátt og þar stæði *Zweig*. Breyting af þessum toga getur þó haft í för með sér að merkingin breytist eins og vikið verður að í 2.3.

Etwas aus den Haaren saugen er samsláttur úr *sich etwas aus den Fingern saugen* ('skálda eitthvað upp') og *etwas an den Haaren herbeiziehen* ('gefa langsóttu skýringu á einhverju'). Þessi föstu orðasambönd eru hvað merkingu og setningagerð varðar mjög svipuð. Í *etwas aus den Haaren saugen* hefur *Fingern* fallið út en *Haaren* úr öðru föstu orðasambandi komið í staðinn. Dæmi um samslátt í íslensku er orðalagið *koma eins og þjófur úr heiðskíru lofti*. Þarna slær saman tveimur föstum orðasamböndum, *koma eins og þruma úr heiðskíru lofti* og *koma eins og þjófur á nóttu*.

Samsláttur kemur oft fyrir í daglegu máli og einnig við tileinkun erlendra tungumála þar sem fullt vald á föstum orðasamböndum í erlendu máli næst seint í tileinkunarferlinu.

Festu í föstum orðasamböndum verður að skoða í samanburði við frjáls orðasambönd. Af **formgerðarlegri festu** (þ. *strukturelle Festigkeit*) leiðir að í föstum orðasamböndum geta komið fyrir **óregluleg fyrirbæri** (þ. *Irregularitäten* eða *Anomalien*) sem ekki væru tekin gild þegar um frjáls orðasambönd er að ræða þar sem þau síðastnefndu lúta vitanlega morfólógískum og setningafræðilegum reglum tungumálsins. Festan hefur m.a. í för með sér að afbrigðileg röð setningarliða eða afbrigðilegar beygingarmyndir haldast í orða-

9 Áslaug Marinósdóttir stingur upp á því að þýða *Kontamination* sem „samsláttur“ og þakka ég henni fyrir góða þýðingu á hugtakinu.

10 Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 18.

samböndum. Dæmi er t.d. *in Teufels Küche kommen* ('lenda í miklum erfiðleikum'). *Teufels* er hér eignarfallseinkunn á undan nafnorðinu *Küche* sem er óeðlileg orðaröð en heldur velli í orðasambandinu. Fasta orðasambandið *gehüpft wie gesprungen* ('eitthvað kemur út á eitt') varðveitir eldri gerð af lýsingarhætti þátíðar af sögninni *hüpfen* ('hoppa'). Innan fastra orðasambanda varðveitast eldri orðmyndir og setningagerðir sem nokkurs konar málsteingervingar sem eru til vitnis um sögu og þróun tungumálsins.

Festan setur einnig **morfólógískar og setningafræðilegar** (þ. *morphosyntaktische*) og **orðasafns- og merkingarlegar** (þ. *lexikalisch-semanticke*) **hömlur** (þ. *Restriktionen*). Dæmi um morfósyntaxískar eða setningafræðilegar hömlur er að *starker Tabak* ('ótrúlegt') tapar merkingu sinni ef formgerðinni er breytt í *der Tabak ist stark* ('tóbakið er sterkt') þar sem yfirfærð merking er horfin. Orðasafns- og merkingarlegar hömlur hafa í för með sér að í föstum orðasamböndum er yfirleitt ekki unnt að skipta um orð, þó svo að um samheiti eða yfirheiti sé að ræða, án þess að merking orðtaksins glatist. T.d. er ekki unnt að setja samheiti eða yfirheiti orðsins *Flinte* ('haglabysa'), svo sem *Gewehr* ('riffill') eða *Waffe* ('vopn'), í stað *Flinte* í fasta orðasambandinu *die Flinte ins Korn werfen* ('gefast upp'); orðtaksmerkingin er í þessu tilviki bundin við tiltekið orð.¹¹ Í ákveðnum textategundum, t.d. auglýsingum, er festan oft rofin til þess að ná fram ákveðnum áhrifum (sjá 3.1). Rannsóknir á festu fastra orðasambanda hafa sýnt að hún er upp að vissu marki afstað, ekki er um algera festu að ræða hvað ytra formi og einstökum orðum í föstum orðasamböndum viðvíkur.¹² Tilbrigði og afbrigði sem koma fyrir innan fastra orðasambanda eru sönnun þess.

Um svokallað **tilbrigði** (þ. *Variation*) er að ræða þegar fleiri en ein birtingarmynd fasts orðasambands er þekkt í orðasafninu. Þessar þekktu útgáfur af föstum orðasamböndum eru t.d. taldar upp sem mismunandi myndir orðasambandanna í orðabókum. Dæmi um tilbrigði fasts orðasambands er: *rjúka/blauða/stökkeva upp til handa og fóta*. Eftirfarandi textadæmi skýra þetta betur.

11 Sama rit, bls. 24–25.

12 Sama rit, bls. 31.

1. „Þetta mun ekki í fyrsta skipti sem hestamenn hafa þurft að *rjúka upp til handa og fóta* vegna framkvæmda sem spilla viðurkenndum reiðleiðum þeirra.“¹³
2. „Þar með er ekki sagt að þú eigir að *stökka upp til handa og fóta* til að kippa málunum í lag.“¹⁴
3. „Menn treysta ekki á ráðgjöf þeirra sem gerst til þekkja en *blauða upp til handa og fóta* og skipta um stefnu á grundvelli mislestrar á einni blaðagrein í útlendu blaði.“¹⁵

Svonefnt **afbrigði** (þ. *Modifikation*) kemur hins vegar fyrir aðeins einu sinni eða einvörðungu í ákveðnu samhengi. Afbrigði er það nefnt þegar fast orðasamband kemur fyrir í breyttri mynd í einum texta til þess að kalla fram einhver ákveðin áhrif í textanum. Afbrigði af fasta orðasambandinu *leggja skóna á billuna* koma fyrir í eftirfarandi fjórum textadæmum:

4. „Dagný Linda leggur *skíðin á billuna*
Dagný Linda Kristjánsdóttir, fremsta skíðakona Íslands um árabíl, hefur ákveðið að *leggja skíðin á billuna* og hætta æfingum og keppni.“¹⁶
5. „Jens Lehmann íhugar að *leggja hanskana á billuna*
Hinn skrautlegi og skapbráði markvörður Stuttgart, Jens Lehmann, íhugar að hætta knattspyrnuíðkun, sökum slakrar dómgæslu í þýsku Bundesligunni.“¹⁷
6. „Hætt að sitja fyrir
Skapstygga ofurfyrirsætan Naomi Campbell hefur ákveðið að *leggja sjningarskóna á billuna*.“¹⁸
7. „Ballesteros hefur unnið 87 titla á ferli sínum. Hann *lagði kyllfuna á billuna* í fyrra vegna meiðsla í baki og hné.“¹⁹

13 http://mbl.is/mm/sport/hestar/2001/11/29/hestamenn_alltaf_of_seinir_i_straeto/ [sótt 16. febrúar 2009].

14 http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=41413 [sótt 18. ágúst 2009].

15 http://www.arnipall.is/grein.php?id_grein=157 [sótt 20. september 2009].

16 http://mbl.is/mm/sport/frettir/2008/05/08/dagny_linda_leggur_skidin_a_hilluna/ [sótt 28. október 2008].

17 http://www.mbl.is/mm/sport/fotbolti/2008/11/10/jens_lehmann_ihugar_ad_leggja_hanskana_a_hilluna/ [sótt 28. október 2008].

18 http://www.mbl.is/mm/folk/frettir/2009/04/29/haett_ad_sitja_fyrir/ [sótt 18. ágúst 2009].

19 <http://www.visir.is/article/20081118/IDROTTR05/963071458/1054> [sótt 18. ágúst 2009].

Í afbrigðunum koma skíðin, hanskarnir, sýningarskórarnir og kylfan í stað skónna í fasta orðasambandinu *leggja skóna á hilluna*.

Alger orðasafnsleg festa (þ. *absolute lexikalische Festigkeit*) kemur fyrir í mjög fáum föstum orðasamböndum en rannsóknir sýna að hún er hvað algengust þar sem um **stakyrði** (þ. *unikale Komponente*) er að ræða.²⁰ Stakyrði koma fyrir í ýmsum föstum orðasamböndum í þýsku og íslensku og fylgja hér nokkur dæmi: *auf dem Holzweg sein*, *am Hungertuch nagen*, *Kohldampf schieben*, *aus dem Stegreif*, *am hellichten Tage*, *alle Jubeljahre*, *frank und frei*; vera á *villigötum*, vera á *biðilsbuxunum*, fara í *humátt* á eftir einhverjum, leggja sig í *líma* við eitthvað, reka *smíðshögg* á eitthvað, það er *töggur* í einhverjum, um *hábjartan* dag, *bolt* og *bolt*.

Hér hefur verið fjallað um festu fastra orðasambanda í setningafræðilegum skilningi. Rétt er að nefna að festa getur einnig verið bundin ákveðnum aðstæðum í samskiptum og er það nefnt **tjáskiptaleg festa** (þ. *pragmatische Festigkeit*). Með því er átt við að tiltekin föst orðasambönd eru notuð við sérstakar aðstæður.²¹ Dæmi um slík föst orðasambönd eða samskiptaformúlur (þ. *Routineformeln*²²) er að finna í 3.3.

2.3 Orðtakseðli fastra orðasambanda

Hluti fastra orðasambanda býr yfir þeirri sérstöðu hvað merkingu viðvíkur að við þá eiginleika sem fjallað hefur verið um, þ.e. að vera fleiryrt og búa yfir verulegri festu á milli einstakra orða, bætist sá eiginleiki að merking þeirra er ekki skilgreind sem summa af merkingu einstakra liða orðasambandsins. Slík föst orðasambönd nefnast orðtök (þ. *Idiome*).

Innan fraseólógiunnar skipa eftirfarandi skilgreiningar Burgers á hugtökunum orðtak og **orðtakseðli** (þ. *Idiomatizität*) mikinn sess;

20 Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 25. Heitið „stakyrði“ er hér valið sem þýðing á *unikale Komponente* og er það í samræmi við notkun Jóns G. Friðjónssonar á heitinu. Sjá Jón G. Friðjónsson, *Mergur málsins*, bls. xi.

21 Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 29.

22 Sjá Florian Coulmas, *Routine im Gespräch. Zur pragmatischen Fundierung der Idiomatik*, Wiesbaden: Akademische Verlagsgesellschaft Athenaion, 1981.

... **orðtakseðli**. Með því er átt við að liðirnir (einingar orðtaksins) mynda heild sem ekki verður fyllilega útskýrð út frá setningafræðilegum eða merkingafræðilegum reglum [eða regluleika] orðasambandsins. Sá hluti fastra orðasambanda sem uppfyllir einnig þetta skilyrði myndar **orðtök**.²³

Burger skýrir orðtakseðlið nánar á eftirfarandi hátt:

Ef það er yfirleitt misræmi á milli yfirfærðrar og eiginlegrar merkingar orðasambandsins þá er það „**ídiómatískt**“ í merkingafræðilegum skilningi. Því meiri munur sem er á þessum tveimur merkingarsviðum, því „ídiómatískara“ [yfirfærðara, óeiginlegra] er fasta orðasambandið. Merkingarlegt orðtakseðli er sem sagt stígbundinn eiginleiki fastra orðasambanda.²⁴

Gerður er greinarmunur á **eiginlegri** eða **bókstaflegri merkingu** (þ. *eigentliche Bedeutung, wörtliche Bedeutung*) og merkingu sem nefnd er **yfirfærð** eða **óeiginleg merking** (þ. *übertragene Bedeutung*).

Fleischer gefur eftirfarandi dæmi um eiginlega merkingu fullyrðingar og merkingu orðtaks og skýra þau þann mun sem þar er á:

- *Gustav hat bei seinem Vater ein Auto in der Garage*,²⁵ ('Gustav er með bíl í bílskúrnum hjá föður sínum') og
- *Gustav hat bei seinem Vater einen Stein im Brett*,²⁶ ('Gustav er í uppáhaldi hjá föður sínum', bókstaflega 'Gustav er með stein/peð á spilaborði föður síns'; orðasambandið er þekkt allt frá 16. öld og er dregið af spili þar sem steinum var raðað í röð á spilaborði).

23 „... **Idiomatizität**. Damit ist gemeint, dass die Komponenten eine durch die syntaktischen und semantischen Regularitäten der Verknüpfung nicht voll erklärare Einheit bilden. Die Teilklasse von Phraseologismen, die auch dieses Kriterium erfüllen, bildet den Bereich der Idiome.“ Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 15.

24 „Wenn überhaupt eine Diskrepanz zwischen der phraseologischen Bedeutung und der wörtlichen Bedeutung des ganzen Ausdrucks besteht, dann ist der Ausdruck **idiomatisch** im semantischen Sinn. Je stärker die Diskrepanz zwischen diesen beiden Bedeutungsebenen ist, umso stärker idiomatisch ist der Phraseologismus. Semantische Idiomatizität ist also eine graduelle Eigenschaft von Phraseologismen.“ Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 31.

25 Wolfgang Fleischer, *Phraseologie der deutschen Gegenwartssprache*, bls. 35.

26 Sama rit, bls. 35.

Setningafræðileg gerð setninganna er sambærileg. Sú fyrri hefur einungis eiginlega merkingu en í seinna tilfelli er um að ræða orðtak sem býr yfir orðtakseðli á mjög háu stigi. Áhugavert er að líta einnig á þýska fasta orðasambandið *blinder Passagier* ('laumufarþegi'). *Passagier* merkir 'farþegi' innan og utan orðasambandsins. Lýsingarorðið *blind* ('blindur') fær hins vegar í orðasambandinu aðra merkingu, yfirfærða eða óeiginlega, en það hefur ella.

Dæmi úr íslensku skýra enn frekar orðtakseðli fastra orðasambanda. Orðtakið *bæta gráu ofan á svart* ('gera illt verra') hefur svipaða setningagerð og t.d. *bæta hæð ofan á hús* og *bæta virðisaukaskatti ofan á upphæð* sem eru einungis til í eiginlegri merkingu. Þessi dæmi sýna glögggt að merking orðtaka verður ekki alfarið leidd af merkingu einstakra orða í orðasamböndum þó svo að stundum sé unnt að leiða hluta hennar af þeim eins og dæmið *blinder Passagier* sýnir.

Fasta orðasambandið *fá það óþvegið* er notað um það að fá skammir. Þá merkingu er ekki unnt að leiða af einstökum einingum í orðasambandinu heldur verður hún til þegar orðtakið myndar heild. Er þá um **orðtaksgervingu** (þ. *Idiomatisierung*) að ræða. Þegar málnotendur heyra eða lesa fyrirsögnina *Þau fá það óþvegið* er það merkingin 'fá skammir' sem verður virk í huga þeirra. Ef hins vegar kemur í ljós að um viðtal við eigendur Efnalaugarinnar Bjargar er að ræða er ljóst að eiginleg merking liðanna í orðasambandinu á í hlut.²⁷ Sé orðinu *óþvegið* skipt út fyrir orðið *óstranjan* þannig að úr verði fyrirsögnin *Þau fá það óstranjan* er ekkert orðtakseðli lengur til staðar og merkingin einungis eiginleg. Orðtök sem geta bæði haft eiginlega og yfirfærða merkingu eru mikið notuð í dagblaðatextum og auglýsingum þar sem tvíeðli þeirra er nýtt í þágu orðaleikja.

Þegar fjallað er um föst orðasambönd er hugtakið **merkingegegnisæi**²⁸ (þ. *Motiviertheit*) mikilvægt. Með því er átt við að merkingu fastra orðasambanda sé unnt að skilja út frá eiginlegri merkingu. Merkingargegnisæi og orðtakseðli eru því hugtök sem notuð eru til þess að lýsa merkingu og merkingarmyndun orðtaka. Því

27 „Þau fá það óþvegið“, *Langardalur, Háaleiti og Bústaðir*, apríl 2009, bls. 8.

28 „Merkingargegnisæi“ er tillaga Magnúsar Sigurðssonar að þýðingu á hugtakinu *Motiviertheit*; „orðtaksgerving“ er tillaga hans að þýðingu á *Idiomatisierung*. Ég þakka Magnúsi fyrir þessar þýðingar sem og fleiri góðar þýðingar á þessu sviði.

gegnsærri (þ. *motivierter*) sem föst orðasambönd eru, þeim mun veikara er orðtakseðli þeirra og því veikara sem orðtakseðlið er, þeim mun gegnsærra er fasta orðasambandið. Dæmi um þýskt orðtak með hátt stig orðtakseðlis en lítið merkingargegnsæi er *jemandem einen Bären aufbinden* (‘stríða einhverjum, hrekkja einhvern’) sem merkir bókstaflega ‘binda björn á einhvern’. Íslensku orðtökin *bíta höfuðið af skömminni, fara í launkofa með eitthvað og taka einhvern á beinið* eru frekari dæmi um orðtök með sterkt orðtakseðli.

Hugtakið *Idiomatizität* hefur hér verið þýtt með „orðtakseðli“. Á þýsku mynda hugtökin *Idiom, Idiomatisierung, Idiomatizität* og *idiomatisch* samstæða heild sem dregin er af gríska orðinu *idioma* (‘sérstaða, einkenni’). Tilraun til að endurspeglar slíka samsvörun í íslenskri hugtakanotkun á sviði fastra orðasambanda er að nota hugtökin orðtak, orðtaksgerving, orðtakseðli og orðtakslegur.


Rétt er að taka fram að kenningar Saussures um merkingarmyndun máltákns eiga við um orðtök eins og önnur máltákn. Merking hinna stöku eininga sem mynda orðtök dylst þegar þær koma saman í orðtakinu þar sem merking orðtaksins verður ráðandi og eiginleg merking verður **hliðarmerking** (þ. *sekundäre Bedeutung*).

3. Flokkun fastra orðasambanda

Eftir umfjöllun um eiginleika og einkenni fastra orðasambanda verður nú vikið að flokkun þeirra og tegundum. Í flokkun Burgers yfir föst orðasambönd tekur hann mið af því hvort um **tilvísandi** (þ. *referentiell*), **formgerðarleg** (þ. *strukturell*) eða **samskiptabundin** (þ. *kommunikativ*) föst orðasambönd er að ræða. Tilvísandi föst orðasambönd skiptast því næst í undirflokka eftir því hvort þau mynda setningarliði annars vegar eða fullyrðingar hins vegar. Þá greinast þau **föstu orðasambönd sem mynda setningarliði** (þ. *nominative Phraseologismen*) eftir stigi orðtakseðlis í þrjá undirflokka, þ.e. **orðastæður** (þ. *Kollokationen*), **hlutorðtök** (þ. *Teil-Idiome*) og **orðtök** (þ. *Idiome*).²⁹ Erfitt getur verið að greina á afgerandi hátt á milli þessara flokka.

29 Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 38 og 42.

Burger flokkar loks tilvísandi föst **orðasambönd sem mynda fullyrðingar** (þ. *propositionale Phraseologismen*) í undirflokkum og notar við þá flokkun setningafræðileg og textamálvísindaleg viðmið. Flokkun Burgers lítur því þannig út í töflu:³⁰



Tafla 1. Flokkun fastra orðasambanda, byggð á flokkun Haralds Burgers.

Hér á eftir verður fjallað um helstu tegundir fastra orðasambanda eins og Burger flokkar þau. Tekin eru dæmi úr þýsku og íslensku til skýringar. Mikilvægt er að undirstrika að flokkanir af þessu tagi geta aldrei orðið ótvíræðar þar sem unnt er að beita við þær mismunandi viðmiðum og munu fræðimenn seint þreystast á því að skiptast á skoðunum um flokkun fastra orðasambanda.

30 Sbr. sama rit, bls. 36–38 og 42. Hér er flokkun Burgers tekin saman í yfirliststöflu. Töflu í þessu formi er ekki að finna á einum stað í áður nefndu verki Burgers.

3.1 Orðtök (þ. *Idiome*)

Orðtök³¹ eru mjög stór flokkur fastra orðasambanda og mikið notuð í ræðu og riti. Oft eru þau myndræn og einkenni þeirra er, eins og kemur fram í 2. kafla, að merkingin er yfirfærð, þau búa yfir orðtakseðli á misháu stigi. Þau mynda setningarliði og í hverjum texta eru þau sett í textalegt samhengi. Eftirfarandi dæmi úr dagblaðstexta sýnir hversu oft er gripið til orðtaka (skáletranir eru höfundar):

... Nú geta kratar í Hafnarfirði *nagað sig í handarbökin*. Fyrir kosningar tefldu þeir fram bæjarstjóranum Lúðvík Geirssyni og átti hann að *taka við keflinu* af Hafnarfjarðarkratanum Gunnari Svavarssyni. Það var því auðvitað áfall að Árni Páll Árnason skyldi *verða blutskarpari* í prófkjörinu og uppskera oddvitasætið. Þá *kom* Lúðvík *með krók á móti bragði*, óskaði eftir fimmta sæti á framboðslistanum, baráttusætinu, og ætlaði með því að leiða sigur Samfylkingarinnar í kjördæminu. Kannski vildi hann styrkja stöðu sína í formannsslagnum þegar Jóhanna hættir. En lotteríð gekk ekki upp – Lúðvík komst ekki á þing. Ekki frekar en Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sem fór úr stóli borgarstjóra fyrir þingkosningarnar 2003 og settist í baráttusætið í Reykjavík norður. Hún *hafði ekki erindi sem erfði*. Það má líka rifja upp að Ellert B. Schram *stóð upp fyrir* sjómanninum Pétri Sigurðssyni eftir að hafa unnið hann í prófkjöri fyrir þingkosningarnar 1978 og þóttist með því styrkja stöðu sína innan flokksins. En niðurstaðan varð sú að hann náði ekki kjöri og stuðningsmönnum hans fannst hann hafa brugðist sér. Eftir það *náði* Ellert *sér aldrei á strik* innan flokksins og settist að lokum á þing fyrir Samfylkinguna. Reynslan sýnir að pólitískar kúnstir af þessum toga ekki.³²

Í þessu stutta textadæmi koma fyrir orðtökin *naga sig í handarbökin*, *taka við keflinu af einhverjum*, *verða blutskarpari*, *koma með krók á móti bragði*, *hafa ekki erindi sem erfði*, *standa upp fyrir einhverjum* og *ná sér á strik*. Orðtökin eru greinilega notuð til þess að krydda frásögnina, gera hana myndrænni og líflegri. Höfundur textans hafði val um að

31 Mörg fleiri heiti eru til yfir orðtök bæði á íslensku og þýsku, t.d. orðatiltæki og talsháttur á íslensku og *Redenwendung* og *sprichwörtliche Redensart* á þýsku.

32 „Baráttan um baráttusætið“, *Morgunblaðið*, 29. apríl 2009, bls. 10.

nota orðtök eða orð í lýsingu sinni. Hann hefði t.d. auðveldlega getað valið að nota *vera fullur eftirsjár* í stað *naga sig í handarbökin* eða *taka við af einhverjum* í stað *taka við keflinu af einhverjum*.

Orðtök eru vinsæl í auglýsingum og orðaleikjum. Ágætt dæmi um notkun orðtaks sem lagað er að texta auglýsingarinnar er að finna í eftirfarandi auglýsingatexta (skáletrunin er höfundar):

Þetta vitum við upp á okkar 960 fingur:* [...] Hversu mikilvægt er það fyrir þig sem viðskiptavin að geta komið á staðinn og gert úttekt á prentverkinu fyrir framleiðslu? Hvern einasta dag leggja allir 96 starfsmenn okkar sig alla fram til þess að tryggja þér afburðaðþjónustu. [...] *Eftir íslenska orðtakinu: Og þetta vitum við upp á okkar tíu fingur. Þekkt frá 1600. Orðtakið merkir „vita e-ð nákvæmlega“.³³

Í þessum auglýsingatexta er ekki einungis brugðið á leik með orðtakið heldur er upprunalegt form orðtaksins einnig haft með til skýringar.

Áður hefur verið vikið að orðtakinu *bei jemandem einen Stein im Brett haben* (‘vera í uppáhaldi hjá einhverjum’) sem er dæmi um orðtak með mjög hátt stig orðtakseðlis. Dæmi um þýskt orðtak í textasamhengi er eftirfarandi (skáletrun er höfundar): „Das Prädikat „richtungsweisend“ trifft den Nagel aber auf den Kopf, wenn sich Tabellenführer VfR Mannheim II und die drittplatzierte SpVgg 03 Ilversheim am Sonntag (15 Uhr) zum Spitzenspiel [...] gegenüberstehen.“³⁴

3.2 Orðastæður (þ. *Kollokationen*)

Orðastæður eru föst orðasambönd þar sem ekki, eða að mjög takmörkuðu leyti, er um yfirfærða merkingu að ræða. Merking orðanna er sú sama innan og utan fasta orðasambandsins. Venja hefur skapast um notkun þessara orða í ákveðnu samhengi, oft er um algengar athafnir daglegs lífs að ræða. Dæmi: *sich die Zähne putzen*

³³ *Morgunblaðið*, 16. júlí 2009, bls. 3 (heilsíðuauglýsing).

³⁴ „Lýsingin „stefnumarkandi“ hittir naglann á höfuðið þegar liðið VfR Mannheim II sem er efst í deildinni og SpVgg 03 Ilversheim sem er í þriðja sæti eigast við í toppslag [...] á sunnudaginn (klukkan 15).“ „Jülich: „Wir sind alle froh, dass es wieder los geht“, *Mannheimer Morgen*, 7. mars 2003, bls. 23.

(‘bursta tennurnar’), *Blumen gießen* (‘vökva blóm’); hér eru íslensku þýðingarnar jafnframt dæmi um orðastæður í íslensku.

Rannsóknir á orðastæðum hafa eflst á undanförunum árum og hafa þær ótvírætt hagnýtt gildi fyrir nám í erlendum tungumálum.

3.3 Samskiptaformúlur (þ. *Routineformeln*)

Samskiptaformúlur (einnig **viðkvæði**³⁵) eru þau föstu orðasambönd nefnd sem koma fyrir í samskiptabundnu textasamhengi. Dæmi: *guten Morgen* (‘góðan dag’), *guten Appetit* (‘verði þér að góðu’), *grüß Gott* (‘góðan dag, komdu sæll’), *guten Rutch* (‘hafðu það gott um áramótin’); *takek fyrir síðast, gleðilegt sumar, takek fyrir matinn, verði þér að góðu*.

3.4 Sérstakir flokkar fastra orðasambanda

Burger nefnir auk ofangreindra flokka nokkra flokka fastra orðasambanda til viðbótar og er gerð grein fyrir þeim helstu hér.³⁶ Flokkun hans er tilraun til þess að veita yfirlit yfir hið víðfeðma svið fastra orðasambanda og auðvelda þar með umfjöllun um hana. Ekki er um flokkun að ræða þar sem flokkað er eingöngu eftir ákveðnum einkennum svo sem gerð, merkingu o.s.frv. heldur er leitast við að kortleggja föst orðasambönd til þess að gefa yfirsýn yfir sviðið. Hér er getið nokkurra helstu flokka og sýnd dæmi um þá á þýsku og íslensku.³⁷

3.4.1 Líkanmyndanir (þ. *Modellbildungen*)

Föst orðasambönd sem eru mynduð eftir mynstri eða formúlu mætti e.t.v. nefna líkanmyndanir á íslensku. Mjög oft koma fyrir endurtekningar orðanna sem í hlut eiga eins og dæmin sýna. Ekki verður breyting á merkingu orðanna í þessum orðasamböndum.

35 Sbr. Henning Bergenholtz, Ilse Cantell, Ruth Vatvedt Fjeld, Dag Gundersen, Jón Hilmar Jónsson og Bo Svensén, *Nordisk leksikografisk ordbok*, Oslo: Universitetsforlaget, 1997, bls. 227.

36 Í umfjölluninni hér er fjórum flokkum (þ. *Autorphraseologismen, onymische Phraseologismen, phraseologische Termini* og *Klischees*) sleppt þar sem fræðimenn greinir mjög á um það hvort þeir teljist til fastra orðasambanda.

37 Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 45.

Dæmi:

- x um x: *Glas um Glas* ('hvert glasið á fætur öðru')
- x für x: *Jahr für Jahr* ('ár eftir ár'), *Woche für Woche* ('viku eftir viku'), *Tag für Tag* ('dag eftir dag')
- x eftir x: *dag eftir dag, ár eftir ár, viku eftir viku, skipti eftir skipti*

3.4.2 Orðapör³⁸ (þ. *Zwillingformeln, Paarformeln, Wortpaare*)

Orðapör eru tvö orð í sama orðflokki sem tengd eru með samtengingu og koma fyrir í ákveðinni röð sem ekki er unnt að breyta, þ.e. festan er alger. Í þessum flokki getur verið um yfirfærða merkingu að ræða og einnig geta komið fyrir stakyrði. Dæmi: *gang und gäbe sein* ('vera mjög algengur'), *klipp und klar* ('hreint út'), *fix und fertig* ('búinn að vera'); *vera klappað og klárt, gegnum þykkt og þunnt, eftir dúk og disk, í húð og hár*.

Í orðapörum er oft að finna stuðlasetningu eða innrím.

3.4.3 Fastar líkingar (þ. *komparative Phraseologismen, Vergleiche*)

Í **föstum líkingum** koma fyrir líkingar myndaðar með *wie* á þýsku og *eins og* á íslensku sem bundnar eru ákveðinni sögn til að efla merkingu hennar. Dæmi: *wie Gott in Frankreich leben*, ('lífa eins og blóm í eggi'), *frieren wie ein Schneider* ('vera mjög kalt'), *es zieht wie Hechtsuppe* ('það er mikill dragsúgur hérna'); *sofa eins og steinn, borfa eins og naut á nývirki, vera eins og álfur út úr hól*.

3.4.4 Hreyfyrði (þ. *Kinegramme*)

Hreyfyrði er það nefnt þegar tjáning með líkamshreyfingum er færð í orð sem mynda fast orðasamband. Í merkingu hreyfyrðisins felst bæði hreyfingin og sú afstaða eða viðbrögð sem hún undirstríkar. Dæmi: *die Achseln zucken* ('yppa öxlum'), *die Nase rümpfen* ('fitja upp á trýnið'), *die Hände über dem Kopf zusammenschlagen* ('fórna höndum', bókstaflega 'slá saman höndum yfir höfði sér'), *sich die Haare raufen* ('reyta hár sitt'), *den Kopf schütteln* ('hrista höfuðið'); *kinka kolli, ranghvolfa augunum, hnykla brýrnar, fitja upp á trýnið, reyta hár sitt og fórna höndum*.

³⁸ Jón G. Friðjónsson nefnir þennan flokk „samstæður“. Sjá *Rætur málsins*, Reykjavík: Íslenska bókaútgáfan 1997, bls. x.

Athyglisvert er að leiða hugann að því hvort *fórna höndum* sé hreyfyrði eða e.t.v. **gervihreyfyrði** (þ. *Pseudo-Kinegramm*), þ.e. hvort málnotendur hefji í raun hendur til lofts þegar þeir fórna höndum eða ekki.

3.4.5 Fleyg orð (þ. *Geflügelte Worte*)

Í flokki **fleygra orða** er alltaf unnt að finna heimildina, höfund eða upprunalegan stað þar sem orðasambandið kom fyrir fyrst en það getur verið t.d. í bókmenntum, bókmenntaþýðingum, auglýsingum, kvikmyndum eða þróttum. Fleyg orð eru oft fullyrðingar en þó er það ekki nauðsynlegur eiginleiki þeirra. Dæmi: *Grau, teurer Freund ist alle Theorie, / Und grün des Lebens goldner Baum* (Goethe), *Der Ball ist rund und das Spiel hat 90 Minuten* (Sepp Herberger); *Nú falla öll vötn til Dýrafjarðar* (Gísla saga), *Vér mótmælum allir* (Jón Sigurðsson), *Öll veröldin er leiksvið* (Shakespeare í þýðingu Helga Hálfðanarsonar).

3.5 Föst orðasambönd sem mynda fullyrðingar

Eins og fram kemur í upphafi þessa kafla er gerður greinarmunur á nokkrum flokkum fastra orðasambanda sem mynda fullyrðingar. Burger gerir þar greinarmun á frösum annars vegar og tveimur undirflokkum af tóþískum formúlum, þ.e. málsháttum og algildum sannleika, hins vegar.

3.5.1 Málshættir (þ. *Sprichwörter*) og algildur sannleikur (þ. *Gemeinplätze*)

Innan fraseólógiunnar er hugtakið „tóþískur“, sem fengið er úr grísku mælskulistinni og dregið af orðinu *topos* (‘staður’), notað yfir þau föstu orðasambönd sem mynda fullyrðingar og ekki er þörf á að tengja textasamhengi með ákveðnum hætti; þetta eru málshættir og algildur sannleikur.

Málshættir eru flokkur fastra orðasambanda sem fræðimenn nálgast á mjög mismunandi hátt og eru þeir m.a. ekki á einu máli um það hvort flokka beri málshætti sem föstu orðasambönd eða ekki. Þó er í vaxandi mæli farið að flokka málshætti með föstum

orðasamböndum.³⁹ Innan þjóðfræðinnar hafa rannsóknir á málháttum verið stundaðar lengi og má þar t.d. benda á rannsóknir Lutz Röhrigs og Wolfgang Mieders. Fræðigrein sú sem fjallar um rannsóknir á málsháttum er nefnd *Parömiologie* á þýsku og mætti e.t.v. kalla hana málsháttafræði á íslensku.

Málshættir eru sjálfstæðar fullyrðingar sem mynda merkingarlega heild, þeir skiljast án nánara samhengis og er því unnt að líta á þá sem örtexa (þ. *Mikrotexte*). Með öðrum orðum: Málshættir eru setningar sem ekki eru tengdar samhenginu með neinni orðasafns-einingu. Jón G. Friðjónsson skilgreinir málshætti á eftirfarandi hátt:

Skýrustu einkenni málshátta varða annars vegar merkingu og hins vegar búning, en við þessi tvö einkenni má bæta atriðum er snerta uppruna og notkun. Gleggsta einkenni málshátta er trúlega það að um er að ræða föst orðasambönd sem fela í sér fulla hugsun og geta málshættir því staðið einir sér ólíkt orðatiltækjum.⁴⁰

Uppruni málshátta getur verið af ýmsum toga. Þeir hafa oft að geyma visku eða speki og geta verið heilræði, lífsreglur eða leiðbeining fyrir daglegt líf. Dæmi: *Morgenstunde hat Gold im Munde: Morgunstund gefur gull í mund*. Þýski málshátturinn *Der Apfel fällt nicht weit vom Stamm* (bókstaflega ‘eplið fellur ekki langt frá bolnum’) á sér samsvörun í íslensku *Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni*. *Eik* er hér notað í merkingunni ‘tré’ og í *epli* og *eik* kemur fram stuðlasetning sem er mikilvægt atriði í íslenskum málsháttum. Það kemur mörgum útlendingum spánskt fyrir sjónir að í íslenskum málshætti sé látið að því liggja að epli vaxi á eikartrjám.

Gerður er greinarmunur á málsháttum og **algildum sannleika** en það síðarnefnda eru fullyrðingar sem ekki tjá nýjan sannleika, speki eða visku heldur greina frá einhverju sem í raun liggur í augum uppi. Was man hat, das hat man og Það sem er búið er ekki eftir eru dæmi um föst orðasambönd af þessari gerð.

3.5.2 Frasar (þ. *feste Phrasen*)

Frasa kýs Burger að kalla fullyrðingar sem ekki eru sjálfstæðar að

39 Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 110.

40 Jón G. Friðjónsson, *Rætur málsins*, bls. x.

því leyti að þær verða að tengjast textasamhenginu á einhvern hátt til þess að um eðlileg tjáskipti eða samhengi í texta sé að ræða.⁴¹ Dæmi: *das schlägt dem Fass den Boden aus* ('nú er nóg komið'); *þetta tekur út yfir allan þjófabálk, þar lágu Danir í því*. Í þessum frösum tengja *das*, *þetta* og *þar* frasann við textalegt samhengi hans.

Erfitt getur verið að greina á milli málshátta, frasa og samskiptaformúlna sem undirstrikar að við flokkun fastra orðasambanda er að mörgu að hyggja og ekki til nein einhlít flokkunaraðferð.

4. Niðurlag

Föst orðasambönd og fraseólógía er gífurlega víðfeðmt rannsóknarsvið eins og þessi kynning á því með hliðsjón af rannsóknnum þýskumælandi fræðimanna sýnir. Tæpast er hægt að segja að þetta svið málvísinda sé mjög aðgengilegt þar sem hugtakanotkun og skilgreiningar eru mismunandi eftir sjónarhorni rannsakandans. Föst orðasambönd eru algeng í daglegu tali og vekja því oft áhuga málnotenda á uppruna þeirra og sérkennum. Þau taka breytingum í málсамfélaginu en varðveita einnig eldri orðmyndir og setninggerðir tungumálsins. Fraseólógía hentar vel og er vinsæl sem rannsóknarsvið samanburðarmálvísinda eða máljöfnuðar á ýmsum tungumálum þar sem föst orðasambönd eru mikilvæg í tileinkun erlendra tungumála og þýðingum. Til eru föst orðasambönd sem koma fyrir í mörgum tungumálum og eiga sér ef til vill sameigi legan uppruna. Önnur finnast aðeins í einu tungumáli og vitna þá um sértæka atvinnuhætti, sögu eða þjóðhætti. Enn önnur stinga upp kollinum í ólíkum gervum eftir tungumálum, þannig er *bera í bakkafullan lækinn* á þýsku *Eulen nach Athen tragen* ('bera uglur til Aþenu') en á frönsku *porter de l'eau à la rivière* ('bera vatn í ána').

Tilgangurinn með þessari umfjöllun um föst orðasambönd er að kynna hugtakanotkun Haralds Burgers og vekja með því frekari athygli á efninu og hvetja til umræðu um eiginleika og flokkun fastra orðasambanda í íslensku og með íslenskum heitum í samanburði við önnur tungumál. Rannsóknarefnin eru fjölmörg og geta komið að miklum notum í tengslum við tungumálanám. Áhugavert

41 Harald Burger, *Phraseologie*, bls. 39.

er t.d. að leiða hugann að því hvaða flokkar fastra orðasambanda eru algengastir í íslensku og kanna notkun þeirra í samanburði við önnur tungumál. Einnig mætti spyrja þeirrar spurningar hvort stakyrði eða myndræn orðtök í íslensku séu algengari eða sjaldgæfari en í skyldum tungumálum. Föst orðasambönd bjóða upp á fjölbreyttar og afar spennandi rannsóknir sem einnig hafa ótvírætt hagnýtt gildi þar sem hvorki er unnt að ná góðu valdi á móðurmáli sínu né erlendu tungumáli án þess að kunna skil á föstum orðasamböndum þess.

RITASKRÁ

- Bergenholtz, Henning, Ilse Cantell, Ruth Vatvedt Fjeld, Dag Gundersen, Jón Hilmar Jónsson og Bo Svensén, *Nordisk leksikografisk ordbok*, Oslo: Universitetsforlaget, 1997.
- Burger, Harald, „die achseln zucken“. Zur sprachlichen kodierung nichtsprachlicher kommunikation“, *Wirkendes Wort. Deutsche Sprache in Forschung und Lehre* 26/1976, bls. 311–334.
- Burger, Harald, Annelies Buhofer og Ambros Sialm, *Handbuch der Phraseologie*, Vestur-Berlín og New York: de Gruyter, 1982.
- Burger, Harald, „Funktionen von Phraseologismen in den Massenmedien“, *Aktuelle Probleme der Phraseologie*, ritstj. Harald Burger og Robert Zett, Frankfurt am Main: Peter Lang, 1987.
- Burger, Harald, *Phraseologie. Eine Einführung am Beispiel des Deutschen*, Berlín: Erich Schmidt Verlag, 3. útg., 2007.
- Coulmas, Florian, *Routine im Gespräch. Zur pragmatischen Fundierung der Idiomatik*, Wiesbaden: Akademische Verlagsgesellschaft Athenaion, 1981.
- Donalies, Elke, *Basiswissen. Deutsche Phraseologie*, Tübingen: A. Francke Verlag, 2009.
- Dobrovol'skij, Dmitrij, *Idiome im mentalen Lexikon. Ziele und Methoden der kognitivbasierten Phraseologieforschung*, Trier: Wissenschaftlicher Verlag, 1997.
- Dobrovol'skij, Dmitrij, *Kognitive Aspekte der Idiom-Semantik. Studien zum Thesaurus deutscher Idiome*, Tübingen: Narr, 1995.
- Duhme, Michael, *Phraseologie der deutschen Wirtschaftssprache. Eine empirische Untersuchung zur Verwendung von Phraseologismen in journalistischen Fachsprachen*, Essen: Blaue Eule, 1991.
- Fleischer, Wolfgang, *Phraseologie der deutschen Gegenwartssprache*, Leipzig: Bibliographisches Institut, 1982.
- Gréciano, Gertrud, „Europhraseologie. Zur Findung und Verbreitung der Begriffe über Bilder“, *Ansichten der deutschen Sprache*, ritstj. Ulrike Haß-Zumkehr, Werner Kallmeyer og Gisela Zifonun, Tübingen: Narr, 2002, bls. 305–323.
- Halldór Halldórsson, *Íslenskt orðtakasafn*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 3. útg., 1991.
- Häusermann, Jürg, *Phraseologie. Hauptprobleme der deutschen Phraseologie auf der Basis sowjetischer Forschungsergebnisse*, Tübingen: Niemeyer, 1977.
- Jón G. Friðjónsson, *Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki*. Uppruni, saga og notkun, Reykjavík: Mál og menning, 2. útg., 2006.
- Jón G. Friðjónsson, *Rætur málsins*, Reykjavík: Íslenska bókaútgáfan, 1997.
- Jón Hilmar Jónsson, *Orðastaður. Orðabók um íslenska málnotkun*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2. útg., 2001.
- Jón Hilmar Jónsson, *Orðabeimur. Íslensk hugtakaorðabók með orða- og orðasambandskrá*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2002.
- Jón Hilmar Jónsson, *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2004.

- Korhonen, Jarmo, *Studien zur Phraseologie des Deutschen und des Finnischen*, Bochum: Universitätsverlag Brockmeyer, 1995.
- Molotkov, Alexander Ívanovítsj, *Osnovy frazeologii russkogo jazyka*, Leningrad: Nauka, 1977.
- Palm, Christine, *Phraseologie. Eine Einführung*, Tübingen: Narr, 1995.
- Pilz, Klaus Dieter, *Phraseologie. Redensartenforschung*, Stuttgart: Metzler, 1981.
- Röhrich, Lutz, *Lexikon der sprichwörtlichen Redensarten*, Freiburg: Herder, 1974.
- Röhrich, Lutz og Wolfgang Mieder, *Sprichwort*, Stuttgart: Metzler, 1977.
- Skog-Södersved, Mariann, „Zum Vorkommen von Phraseolexemen in Leitartikeln deutscher und schwedischer Tageszeitungen“, *Untersuchungen zur Phraseologie des Deutschen und anderer Sprachen. Einzelsprachspezifisch-kontrastiv-vergleichend*, ritstj. Jarmo Korhonen, Frankfurt am Main: Peter Lang, 1992, bls. 175–188.
- Stecker, Bruno, „Ja doch, eigentlich schon noch. Alltagsroutinen des Kommunikationsmanagements“, *Ansichten der deutschen Sprache*, ritstj. Ulrike Haß-Zumkehr, Werner Kallmeyer og Gisela Zifonun, Tübingen: Narr, 2002, bls. 555–577.
- Steyer, Kathrin, „Usuelle Wortverbindungen des Deutschen. Linguistisches Konzept und lexikographische Möglichkeiten“, *Deutsche Sprache. Zeitschrift für Theorie, Praxis, Dokumentation* 2/2000, bls. 101–125.
- Sölvi Sveinsson, *Íslensk orðtök með skýringum og dæmum úr daglegu máli*, Reykjavík: Íðunn, 3. útg. 2009.
- Sölvi Sveinsson, *Íslenskir málshættir með skýringum og dæmum*, Reykjavík: Íðunn, 3. útg., 2009.
- Wotjak, Barbara, *Verbale Phraseolexeme in System und Text*, Tübingen: Niemeyer, 1992.

ABSTRACT

Characteristics and Categories in German Phraseology and Their Equivalent Icelandic Terms

Phraseology (German *Phraseologie*, Icelandic *fraseólógía*) is an important area of linguistics and of great interest especially in the acquisition of foreign languages. The paper aims to describe the most important characteristics of word groups (*feste Wortverbindungen/föst orðasambönd*) like phraseologisms, phraseological units, and idioms as well as their classification in German and Icelandic. The paper is based on the theoretical background of German phraseology, primarily the research of Harald Burger and his definitions of the characteristics, structure and essential terms of phraseology. The paper presents characteristics such as *Polylexikalität*, *Festigkeit*, *Idiomatisizität*, *Motiviertheit*, *Idiomatisierung* along with discussions of the Icelandic equivalent terms. An overview is given of Harald Burger's classification of *Phraseologismen* into three categories: *referentielle Phraseologismen/tilvísandi föst orðasambönd*, *strukturelle Phraseologismen/formgerðarleg föst orðasambönd* and *kommunikative Phraseologismen/samskiptabundin föst orðasambönd* with their subcategories. German and Icelandic examples of various types of phraseologisms such as *Idiome/orðtök*, *Sprichwörter/málsbættir*, *Kollokationen/orðastæður*, *Geflügelte Worte/fleyg orð* and *Vergleiche/fastar líkingar* are presented. Hopefully the result of this study will be to strengthen the discussion of phraseology in Iceland.